



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

ÍSLE2LR05

Kennari	Anna Karlsdóttir Taylor, anna.karlsdottir@fss.is Ásta Svanhvít Sifjardóttir Sindradóttir, asta.s.sindradottir@fss.is Lilja Dögg Friðriksdóttir, lilja.fridriksdottir@fss.is	  
Viðtalstími	Anna, mánudagar kl. 9.20-10.00 Ásta Svanhvít, mánudagar kl. 11.25-12.05 Lilja Dögg, mánudagar kl. 14.00-14.40	
Námsefni	Smásögur valdar af kennurum (aðgengilegar á Innu) <i>Snorra-Edda</i> (útg. 2015) / Bjarki Bjarnason sneri til nútímamáls. Bókabúð. <i>Eyland</i> eftir Sigríði Hagalín. Bókabúð Plastmappa og stílabók (fyrir ritunarverkefni). Bókabúð	
Áfangalýsing	Áfanginn byggist upp á lestri ólíkra texta og ýmiskonar ritun. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur lesi texta sér til ánægju og stuðli þannig að aukinni lestrarfærni og túlkun. Í áfanganum verða nemendur þjálfaðir í ólíkum gerðum ritsmíða bæði skapandi skrifum og nytjatextum. Nemendur munu læra helstu hugtök bókmenntafræðinnar og hvernig á að beita þeim. Þá munu nemendur styrkja eigin málfærni með því að flytja endursagnir og kynningar. Öllum stærri verkefnum skal skila í gegnum turnitin	
Námsmat og vægi námsmatspátta	Hvert tímapróf/verkefni er aðeins hægt að þreyta einu sinni. Ef nemendur af einhverjum ástæðum komast ekki í tímapróf á tilgreindum tíma þá hafa þeir eitt tækifæri á næsta stoðdegi til að taka það próf. Ef engin skýring er á fjarvist nemenda í tímaprófi þá hefur nemandinn fyrirgert rétti sínum til að taka það próf. Eftir að miðannarmat hefur verið gert opinbert er EKKI hægt að skila verkefnum eða taka próf sem gilda inn í miðannarmatið. Verkefnum skal skilað á tilsettum tíma. Til þess að ná áfanganum þurfa nemendur að vera með að lágmarki 4,5 í annareinkunn og 4,5 í lokaprófi.	
	Símatásafangi ☐ Lokapróf ☒ Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Smásögur	15 %
	Ritun	10 %
	Snorra-Edda	25%
	Eyland	20 %
	Lokapróf	30 %

Reglur áfanga	Í kennslustundum í íslensku er símafrí nema kennarinn ákveði og/eða leyfi annað. Símar skulu að jafnaði vera geymdir á símahóteli og settir þar í upphafi kennslustundar.
Annað sem kennari vill láta koma fram	Tímaverkefni verða unnin í kennslustundum og skal skila í lok kennslustunda. Verkefnin verða unnin skriflega. Ef nemandi verður uppvís að því að skila verkefni sem annar nemandi hefur unnið fá báðir nemendur 0 í einkunn. Kennari áskilur sér rétt til þess að kanna þekkingu nemenda með munnlegu prófi.
Grunnþættir menntunar	Læsi er tengdur við alla áfanga í íslensku. Lögð er áhersla á að lesa ólíka texta og vinna með þá, bæði skriflega og með öðrum hætti. Nemendur eiga reglulega að færa hugsanir sínar í orð. Sjálfbærni er tengd við námsefnið, t.d. með ólíkum textum sem unnið er með í öllum áföngum íslensku. Ýmis álitamál og ágreiningsefni eru tekin til umfjöllunar með ólíkum hætti. Heilbrigði og velferð eru höfð að leiðarljósi inni í kennslustundum. Lögð er áhersla á góð samskipti, bæði milli nemenda sem og nemenda og kennara. Með fjölbreyttu námsmati er komið til móts við nemendur þar sem stuðlað er að jákvæðri sjálfsmynd þeirra. Lýðræði og mannréttindi tengist öllum áföngum í íslensku. Unnið er markmisst með ábyrgð nemenda á eigin námi. Kennarar taka tillit til áhuga nemenda, bæði hvað varðar námsefni og úrvinnslu verkefna. Unnið er með jafnrétti í öllum áföngum í íslensku, bæði með ólíkum textum sem unnið er með en einnig með því að þjálfa nemendur í samskiptum. Viðfangsefni grundvallast af jafnræði og jafnrétti. Sköpun er höfð að leiðarljósi í útfærslu ýmissa verkefna sem unnin eru. Lögð er áhersla á að nemendur viðhafi gagnrýna hugsun og leiti lausna við vinnslu verkefna, með því að nýta tækni á frumlegan og hagnýtan hátt.

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - mismunandi tegundum bókmennta og grunnhugtökum í bókmenntafræði - ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli - mikilvægi lesturs og lesskilnings almennt	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: - lesa sér til gagns og ánægju ýmiskonar texta og geta fjallað um inntak þeirra - semja mismunandi texta þar sem gagnrýninni og skapandi hugsun er beitt - nota viðeigandi hjálpargögn við ritun texta
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - styrkja eigin málfærni með því að nýta upplýsingar úr handbókum - taka þátt í málefnalegum umræðum - lesa mismunandi texta sér til ánægju - skrifa skapandi texta	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Undirbúningur f. kaflapróf	4 x 2 klst.	8 klst.
Undirbúningur f. lokapróf	10 klst.	10 klst.
Lokapróf	2 klst.	2 klst.
Alls		116 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynning á áfanga og námsefni Smásögur Ritunarmappa	Ritunarverkefni
2. vika 24.-28. ágúst	Smásögur Ritunarmappa	Ritunarverkefni
3. vika 31. ágúst-4. september	Smásögur Ritunarmappa	Ritunarverkefni
4. vika 7.-11. september	Smásögur Ritunarmappa	Ritunarverkefni
5. vika 14.-18. september	Smásögur Ritunarmappa	Próf úr smásögum Ritunarverkefni
6. vika 21.-25. september	Ritunarmappa Stoðtími	Skila ritunarmöppu Ritunarpróf
7. vika 28. september-2. október	Snorra-Edda	Snorra-Edda verkefni
8. vika 5.-9. október	Snorra-Edda	Fyrri próf úr Gylfaginningu
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Snorra-Edda	Snorra-Edda verkefni
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Snorra-Edda	Snorra-Edda verkefni
11. vika 26.-30. október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Snorra-Edda	Seinna próf úr Gylfaginningu
12. vika 2.-6. nóvember	Snorra-Edda	Verkefnavinna
13. vika 9.-13. nóvember	Eyland eftir Sigríði Hagalín	Verkefnavinna
14. vika 16.-20. nóvember	Eyland	Verkefnavinna
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Eyland	Verkefnavinna
16. vika 30. nóvember-4. desember	Eyland Undirbúningur fyrir lokapróf	Próf úr Eylandi Skil á lokaverkefni

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Anna, Ásta og Lilja